

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 124/2001, um launaafdrátt.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

*Almenn atriði og skilgreiningar.*

Allir þeir er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega við útborgun launa til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber skv. 112. gr., sbr. 115. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Þau opinberu gjöld sem hér um ræðir eru tekjuskattur, útsvar, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og samsvarandi gjöld skv. innheimtusamningum við önnur ríki.

2. gr.

Í stað „innheimtumanni“ í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: innheimtumanni.

3. gr.

Í stað „1. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981“ í 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar kemur: 1. mgr. 114. gr. laga nr. 90/2003.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 115. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 10. janúar 2008.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg H. Helgadóttir.*